

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/564*  
*komudagur 9.12.2013*

Umhverfis- og samgöngunefnd alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík



Reykjavík 6. desember 2013

**Umsögn um frumvarp til laga um brottfall laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, mál 167**

Samtök ferðaþjónustunnar hafa farið yfir frumvarp um brottfall laga um náttúruvernd, nr. 60/2013 og hafa eftirfarandi athugasemdir

Í umsögn SAF um frumvarp það sem verið er að fella úr gildi gagnrýndu samtökin skort á samráði við hagsmunaaðila þrátt fyrir að frumvarpið gerði ráð fyrir slíku samráði. Samtökin töldu boðað samráð vera mjög takmarkað og virtist helst eiga sér stað á milli ráðherra og embættismanna. Þannig væntir SAF þess að ítarlegra og skilvirkara samráð verði haft við hagsmunaaðila, verði sú leið farin sem frumvarpið boðar.

Samtök ferðaþjónustunnar telja hinsvegar, þrátt fyrir framkomna gagnrýni að frumvarpið sem varð að lögum 60/2013 geti tæplega verið það gölluð að þau geti ekki staðið áfram og þá frekar að atriðum verði breytt með viðbótarlöggjöf.

Samtökin telja einnig að áhyggjur af umráðarétt landeigenda eigi stóran þátt í að lög 60/2013 séu felld úr gildi og er það miður.

SAF fögnuðu því að í lögum 60/2013 var almannaréttur festur í sessi. Í athugasemdum um lögin var lagt til með rökstuðningi, að ákvæði um samráð landeigenda og ferðaþjónustuaðila ætti að falla á brott. SAF telja nauðsynlegt að lög um náttúruvernd viðhaldi almannarétti þannig að einstaklingar og hópar, hvort sem er á eigin vegum eða í atvinnurekstri geti óhindrað notið útvistar og farið um óræktuð lönd.

Samtökin telja að gerð kortagrunns á forræði opinberrar stofnunar eins Landmælinga sé forsenda fyrir farsælu samspili ferðamennsku og náttúruvernd á Íslandi.

Virðingarfyllt

Gunnar Valur Sveinsson  
Samtök ferðaþjónustunnar